

Spurningalisti um þekkingu á gáttatífi

1. Hvaða þættir geta komið gáttatífi af stað?
 - Ofnæmi fyrir grasi, dýrum eða heimilisryki
 - Áfengi, kaffi eða sterkkryddaður matur
 - Hávaði eða hávær hljóð
2. Af hverju er mikilvægt að ég taki lyfin við gáttatífi nákvæmlega í samræmi við ráðleggingar læknisins?
 - Af því að læknirinn vill að ég geri það
 - Til að fyrirbyggja alvarlega fylgikvilla hjartsláttartruflunarinnar
 - Til að fyrirbyggja hættuna á hjartaáfalli eða skyndidauða
3. Ef gáttatífi kemur í ljós án þess að sjúklingur finni fyrir nokkrum óþægindum ætti sjúklingur að leita tafarlaust til sjúkrahússins
 - Rétt
 - Rangt
 - Veit ekki
4. Hvað er gáttatífi?
 - Hjartasjúkdómur sem lýsir sér í því að hjartað nær ekki að dæla nægilegu blóði um líkamann
 - Blóðsjúkdómur sem veldur blóðtöppum/sega í hjartanu
 - Truflun í rafleiðnikerfinu í gáttum hjartans sem veldur því að hjartað dregst of hratt og óreglulega saman
5. Af hverju er blóðþynningarlyfi ávísað á suma sjúklinga með gáttatífi?
 - Það er til að fyrirbyggja myndun blóðtappa/sega sem geta valdið heilablóðfalli
 - Það er til að auðvelda blóðflæði um líkamanum
 - Það er til að fyrirbyggja vökvasöfnun í líkamanum
6. Af hverju ætti einstaklingur sem er á blóðþynningarlyfjum að sýna aðgát við neyslu áfengis?
 - Áfengi eykur vökvasöfnun í líkamanum og veldur því að blóðið verður of þunnt
 - Áfengi veldur þrengingu í æðum sem aftur hægir á blóðflæði til hjartans
 - Áfengi hefur áhrif á virkni lyfsins og þar með storknunargetu blóðsins
7. Gáttatífi er sjaldgæft sjúkdómsástand
 - Rétt
 - Rangt
 - Veit ekki
8. Það er sérstaklega áhættusamt ef einstaklingur finnur ekki fyrir gáttatífi sínu
 - Rétt
 - Rangt
 - Veit ekki
9. Hvaða staðhæfing um líkamspjálfun á við um sjúklinga með gáttatífi?
 - Það er mikilvægt fyrir sjúklinga að hvílast til að hjartað starfi eðlilega
 - Sjúklingar með langvinnt gáttatífi geta ekki unnið fulla vinnu
 - Það er mikilvægt að stunda venjulega líkamspjálfun sem hæfir getu hvers og eins 55

10. Hvaða staðhæfing er sönn?

- Gáttatif er lífshættulegt því það getur valdið hjartaáfalli
- Gáttatif er algjörlega skaðlaust
- Gáttatif er skaðlaust ef réttu lyfin eru tekin

11. Hvert er hlutverk Segavarnarmiðstöðvar? (*slepptu þessari spurningu ef þú tekur ekki eða hefur aldrei tekið lyfið Kóvar*)

- Að fylgjast með storkumyndun í blóði og daglegum skammti blóðþynningarlyfja
- Að leggja mat á hvort hjartasláttartruflanir eru til staðar
- Að ákvarða hvort sjúklingur þarf að halda áfram að taka blóðþynningartöflur

Íslenska útgáfan af *The Atrial Fibrillation Knowledge Scale* var þýdd og staðfærð af Dr. Brynju Ingadóttur og Auði Ketilsdóttur (Landspítali/Háskóli Íslands) með leyfi frá Jeroen Hendriks (2018)